

TÆKNIBLAÐ/NOTKUNARLEIÐBEININGAR**EIGINLEIKAR**

Notkunarsvið: Steypublanda hentar í minniháttar steypuverkefni/steypuviðgerðir. T.d. í girðingarhólka, í steypu meðfram hellum, útiþrep, kanta o.fl. Blönduna er hægt að nota bæði úti og inni.

Efniseiginleikar: Steypublanda er sementsbundin blanda tilbúin til notkunar, aðeins þarf að bæta í hana réttu magni af vatni. Blandan er framleidd eftir kröfum ÍST EN 998-1:2010 og er í flokki GP.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Purrefnispörf, 1 mm lagþykkt	1,9-2,1 kg/m ²	Mesta kornastærð	10,0 mm
Vatnspörf	0,10 l/kg	Brunaflokkur	Óbrennanlegt
Meðal þrýstipól* 28 daga	35 MPa	ÍST EN 1015-11:1999	
Meðal beygjutogpól 28 daga	4,7 MPa	ÍST EN 1015-11:1999	
Varmaleiðni λ	0,82 W/m K	ÍST EN 1745:2012, Tafla A.12*	

Þrýstipólsflokkur: CS IV samkvæmt ÍST EN 998-1:2010

FORVINNA:

Eigi að steypa á fast undirlagið skal það vera berandi og laust við öll óhreinindi ss. málningu, olíu, tjöru, ryk. Laust yfirborð, los, frostsKemmdir, slamma/efju o.þ.h.l. verður að fjarlægja. Í flestum tilvikum þarf að hreinsa flötin vélrænt með t.d háþrýstipvotti, slípun eða sandblæstri.

UNDIRBÚNINGUR:

Eins og alltaf, þarf að miða múrvinnu við ytri aðstæður. Forðast þarf veðurskilyrði þar sem fer saman sólskin og mikill vindur fyrsta sólarhringinn.

Undirbúa þarf fleti á viðeigandi hátt. Annað hvort að bleyta þá eða grunna með ÍMÚR Múrgrunni.

Ef fletir eru bleyttir eiga þeir að vera sem næst rakamettaðir en samt yfirborðs þurrir þegar steyp er ofan á þá.

Ef grunnað er með ÍMÚR Múrgrunni þarf grunnurinn að taka sig vel eða þorna áður en steyp er. Gleypna fleti getur þurft að grunna tvisvar og ráðlagt að þynna grunninn um 25% í fyrri umferð. Grunnurinn þarf að þorna milli umferða. Fara skal eftir leiðbeiningum sem fylgja völdum grunni.

NOTKUN:

Hitastig: Blönduna á ekki að nota við hitastig undir +5°C eða yfir +25°C.

Vatnsinnihald/ Blöndun: Ekki skal nota meira vatn við blöndun en þjálni krefst. Til viðmiðunar má sjá vatnspörfina í töflunni um tæknilegar upplýsingar og á poka.

Efnispörf: Steypublöndu skal ekki nota í þykktum undir 30 mm.

Aðhlúun: Nýútlagða steypu skal verja fyrir of hraðri útpornun, sérstaklega fyrsta sólhringinn eftir útlögn. Halda þarf steypu rakri fyrstu dagana ef þurrkur er mikill.

HREINSUN:

Strax eftir notkun skal þrifa verkfæri og áhöld upp úr volgu vatni.

PÖKKUNARSTÆRÐIR:

Umbúðastærð er 25 kg poki.

GEYMSLA:

Steypublöndu á að geyma á þurrum og frostfríum stað.

ÖRYGGISUPPLÝSINGAR:

Sementsblönduð efni hafa basíska verkun og leysa því upp húðfitu. Verja skal húð og augu með viðeigandi hlífðarbúnaði. Í öllum blöndum er járnsúlfat til varnar krómexemi.

SÉRSTAKAR UPPLÝSINGAR:

Steypublöndu er ekki hægt að nota með sprautuvélum.

Ekki má nota vöruna á annan hátt eða við aðrar aðstæður en tekið er fram á ofangreindu tækniblaði, án samráðs við BM-Vallá. Tilgangur tækniblaðsins er að tryggja að efnið sé notað við réttar aðstæður og á réttan hátt.

Ef nýtt tækniblað er gefið út, glata allar fyrri útgáfur gildi sínu.

BM Vallá ehf.
Breiðhófa 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

